

## AUGLÝSING

### um varnarlínur vegna sauðfjársjúkdóma.

Að tillögu Matvælastofnunar, skv. heimild í 12. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum, eru hér með settar svofelldar reglur um skiptingu varnarlína í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur vegna sauðfjársjúkdóma:

#### 1. gr.

##### *Aðalvarnarlínur.*

Aðalvarnarlínur vegna sauðfjársjúkdóma eru:

1. Hvítarlína: Ölfusá, Hvítá að Jökulfalli, Jökulfall og Jökulkvísl í Blágnjúkjökul.
2. Sogs- og Bláskógalína: Sog frá Ölfusá um Þingvallavatn og úr því um Ármannsfell í Hvalfjarðarlínu við Kvígindisfell.
3. Brúarlína: Brúará frá Hvítá í Brúarárskörð um Rótarsand í gíg í Lambhrauni og í gilið í Hagafelli.
4. Hvalfjarðarlína: Úr Hvalfirði við Múlafjall um Hvalvatn að Kvígindisfelli að Brunnnum við Uxahryggi í Hróðurkarla við Þórisjökul.
5. Snæfellslína: Úr Skógarnesi um Ljósufjöll í Álftafjörð.
6. Hvammsfjarðarlína: Úr Hvammsfirði milli Þorbergsstaða og Hrútsstaða um Laxárdalsheiði í Hrutafjörð sunnan Fjarðarhorns.
7. Gilsfjarðarlína: Úr Gilsfirði um Snartartungu í Bitrufjörð.
8. Kollafjarðarlína: Úr Kollafirði í Ísafjarðarbotn.
9. Tvidægurína: Úr Hvammsfjarðarlínu við Skeggöxl um Kvíslavötn og Arnarvatn stóra í Langjökul við Jökulstalla.
10. Miðfjarðarlína: Úr Miðfirði um Miðfjarðarvatn í Arnarvatn stóra.
11. Vatnsneslína: Úr Miðfjarðarvatni í Síðukrök við ósa Víðidalsár.
12. Kjalarlína: Milli Langjökuls og Hofsjökuls.
13. Blöndulína: Blanda.
14. Héraðsvatnalína: Héraðsvötn og Austari-Jökulsá.
15. Eyjafjarðarlína: Eyjafjarðará sunnan Bringu að Skjónafelli og að Miklafelli í Hofsjökli.
16. Sprengisandslína: Úr Miklafelli í Hofsjökli um Fjórðungakvísl að Tungnafellsjökli og um Vonarskarð í Vatnajökul.
17. Skjálfandalína: Skjálfandafljót og í Tungnafellsjökul.
18. Fjallalína: Jökulsá á Fjöllum.
19. Jökuldalslína: Jökla (Jökulsá á Brú, Dal) og Háslón.
20. Lagarfljótslína: Jökulsá í Fljótsdal og Lagarfljót.
21. Hamarsfjarðarlína: Hamarsá í Hamarsfirði í Þrándarjökul og þaðan í Vesturdalsjökul.
22. Breiðamerkursandslína: Jökulsá á Breiðamerkursandi.
23. Skeiðarársandslína: Sandgígjukvísl.
24. Tungnaarlína: Frá Botnjökli í Mýrdalsjökli um Mælifellssand í Torfajökul, frá Hábarmi um Kirkjufellsvatn í Tungnaá og þaðan að Jökulgrindum í Vatnajökli.
25. Markarfljótslína: Markarfljót og Fremri-Emstruá.
26. Þjórsarlína: Þjórsá.

#### 2. gr.

##### *Aukavarnarlínur.*

Aukavarnarlínur vegna sauðfjársjúkdóma eru:

1. Smjörfjallalína: Um Smjörvatnsheiði og Smjörfjöll í Dalsá og til sjávar.
2. Brekkuskóglína: Fullsæll frá Brúará að mörkum Efri-Reykja og Brekku og í þeim að Brúará við brú á Kóngsvegi.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 717/2009 um varnarlínur vegna sauðfjársjúkdóma. Auglýsingin tekur þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 22. september 2009.*

**Jón Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Arnór Snæbjörnsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 23. september 2009